



Borgaraleg ferming 2018

15. og 22. apríl

Mikilvægar upplýsingar um fermingarathafnir
Siðmenntar í Reykjavík og Kópavogi.

Tímasetningar fermingarathafna

**Athafnir í Háskólabíói sunnudaginn 15. apríl 2018,
kl. 10:30, 12:30 og kl. 14:30.**

Fermingarbörn fyrstu athafnar mæti stundvíslega	kl. 10:00.
Fermingarbörn annarrar athafnar mæti stundvíslega	kl. 12:00.
Fermingarbörn þriðju athafnar mæti stundvíslega	kl. 14:00.

Æfingar verða í Háskólabíói laugardaginn 14. apríl.

Æfing fyrir börnin í fyrstu athöfninni hefst	kl. 9:00.
Æfing fyrir börnin í annarri athöfninni hefst	kl. 11:00.
Æfing fyrir börnin í þriðju athöfninni hefst	kl. 13:00.

Pláss fyrir gesti í Háskólabíói

Salurinn tekur 970 manns í sæti. Við tökum ekki frá sæti nema fyrir fermingarbörnin. Sætaþláss er takmarkað og því er hámark gestafjölda per fermingarbarn 10 manns.

**Athafnir í Salnum í Kópavogi sunnudaginn 22. apríl
2018, kl. 10:30, 12:30 og kl. 14:30.**

Fermingarbörn fyrstu athafnar mæti stundvíslega	kl. 10:00.
Fermingarbörn annarrar athafnar mæti stundvíslega	kl. 12:00.
Fermingarbörn þriðju athafnar mæti stundvíslega	kl. 14:00.

Æfingar verða í Salnum laugardaginn 21. apríl.

Æfing fyrir börnin í fyrstu athöfninni hefst	kl. 9:30.
Æfing fyrir börnin í annarri athöfninni hefst	kl. 11:30.
Æfing fyrir börnin í þriðju athöfninni hefst	kl. 13:30.

Pláss fyrir gesti í Salnum

Salurinn tekur 292 manns í sæti. Við tökum ekki frá sæti nema fyrir fermingarbörnin. Sætaþláss er takmarkað og því er hámark gestafjölda per fermingarbarn 8 manns.

Almennar upplýsingar

Það er mikilvægt að öll fermingarbörn mæti á æfingarnar. Munið að koma stundvíslega til æfingarinnar. Komið staðráðin í að gera ykkar besta, fljótt og vel.

Allur hópurinn æfir inngöngu í sal, uppgöngu á svið, móttöku skjala, útgöngu af sviði og uppstillingu fyrir myndatöku. Að því loknu munu þau fermingarbörn sem verða með atriði í athöfnunum, æfa sinn þátt en hinir mega fara heim.

Börnin sem eru með atriði eiga að koma með hljóðfæri, nótur, ávörp, ljóð eða annað sem nota á við athöfnina. Aukaeintak af ljóðum, ávörpum og nótum á að afhenda fermingarstjóra á æfingunni.

Við verðum með göngubjálfun/ráðleggingar varðandi nýja skó eða spariskó t.d. háhælaskó. Vinsamlegast mætið á æfinguna með þá skó sem þið munið nota í fermingunni til að venjast gólfinu og sviðinu.

Komist fermingarbarn ekki, er mikilvægt að foreldri eða forráðamaður komi í þess stað. Æfingarnar hefjast stundvíslega og þá eiga allir að vera sestir í sitt sæti í salnum. Listi með sætisnúmerum mun hanga uppi á æfingunum.

Ræðumaður í Háskólabíói verður Pálmar Ragnarsson, fyrirlesari og íþróttabjálfi. Hann flytur ávarp í öllum þremur athöfnunum. Fermingarstjórar verða Sigrún Valbergsdóttir í fyrstu athöfninni, Steinar Harðarson í annarri athöfninni og Helga Bára Bragadóttir í þeirri þriðju, öll athafnarstjórar Siðmenntar.

Ræðumaður í fyrstu athöfninni í Salnum verður Eliza Reid forsetafrú. Ræðumaðurinn í annarri og þriðju athöfninni verður Hildur Knútsdóttir rithöfundur. Fermingarstjórar verða Ásdís Benediktsdóttir í fyrstu og Tryggvi Björgvinsson í annarri og þriðju athöfninni, bæði athafnarstjórar Siðmenntar.

Hver athöfn fyrir sig stendur yfir í um klukkustund. Dagskráin í öllum athöfnunum lofar góðu. Flutt verða atriði í umsjá fermingarbarnanna, t.d. tónlist, dans, ljóðalestur eða stutt ávörp. Í lok athafnanna munu fermingarbörnin fá afhent skjal sem staðfestir þátttöku þeirra í undangengnu fræðslunámskeiði.

Að hverri athöfn lokinni fer fram hópmyndataka sem tekur væntanlega um 20 mínútur, sjá nánari upplýsingar hér að neðan.

Undirbúningur athafnarinnar

Nokkur fermingarbörn eru að æfa dagskráratriði með tónlistarflutningi, upplestri o.fl. Sigrún Valbergsdóttir leikstjóri, mun hafa samband við þau fermingarbörn sem ætla að tala (ljóðalestur, ávarp, eða annað talað mál) til að bjóða þeim tilsögn í framsögn.

Uppfærður listi yfir hvaða börn eru í hvaða athöfn er á vefsíðu Siðmenntar.

http://sidmennt.is/wp-content/uploads/Nidurrodun_a_namskeid_og_athafnir_2018.pdf

Þarna getið þið athugað í hvaða athöfn barnið ykkar er, ef þið eruð ekki viss.

Margar breytingar hafa átt sér stað á listanum síðan í desember. Ekki verður hægt að breyta þessu héðan í frá vegna þess að dagskrárnar eru að fara fljótlega í prentun.

Ef þú vilt kaupa DVD upptöku og/eða hópmynd:

Hópmynd

Teknar verða hópmyndir af fermingarbörnunum í lok athafnar í Háskólabíói og Salnum. Anna Fjóla Gísladóttir ljósmyndari, s. 898-3410, tekur myndirnar. Myndin verður 30 x 20 cm, í lit og kostar kr. 4.500.

HD upptaka (DVD/BluRay/Stafrænt niðurhal)

Upptökur af öllum fermingarathöfnunum í Háskólabíói og Salnum verða fáanlegar á mynddiski og stafrænu formi. Ásamt því að innihalda flott pródúseraða upptöku tekna upp með mörgum myndavélum verða þar einnig myndir úr skyggnusýningu sem verður sýnd í byrjun athafnarinnar ásamt ljósmyndum af athöfninni. Óskar Ásgeirsson, myndatökumaður, sér um upptöku og frágang á vandaðan og fagmannlegan máta. Eintakið kostar kr. 2.900 sem stafrænt niðurhal en fæst einnig í fýsiskri útgáfu sem DVD á kr. 3.900, eða í Blu Ray útgáfu sem kostar 4.400. Upptökur koma yfirleitt úr framleiðslu ca. 4-5 vikum eftir fermingardaginn. Óskar mun senda pantanir með pósti og senda link fyrir stafrænu útgáfuna með tölvupósti á kaupendur.

Þú getur pantað eintak af hópmyndinni og/eða DVD disknum með því að fylla út pöntunarform á vefsíðu Siðmenntar. Pantanir fara beint til Önnu Fjólu og Óskars, aðilanna sem selja vörurnar, en þau sjá alfarið um að fylgja pöntununum eftir, ekki Siðmennt.

<http://sidmennt.is/bf-pantanir-2018/>

Athugið: Verðið á DVD disknum og hópmyndinni er EKKI innifalið í gjaldinu vegna fermingarathafnarinnar og það þarf að panta og borga fyrirfram fyrir þessar vörur sérstaklega.

Með bestu kveðju,

Hope Knútsson og Þorsteinn Kolbeinsson

s. 567-7752 hope@sidmennt.is

Þessar upplýsingar verða einnig á heimasíðu Siðmenntar: sidmennt.is